

Nd.
um bókasafnasjóð.

288. Frumvarp til laga

[164. mál]

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Stofna skal bókasafnasjóð ríkisins.

2. gr.

Tekna sjóðsins skal aflað eins og hér segir:

- a) Gjald skal greiða af öllum blöðum, nema dagblöðum, og tímaritum, sem út eru gefin á íslenzku af einstökum mönnum, hlutafélögum eða sameignarfélögum og einkum flytja frásagnir og skemmtisögur, frumsamdar eða þýddar, fróðleikstíning ýmiss konar, getraunir, myndagátur og ljósmyndir, enn fremur af þýddum skemmti- og glæpasögum, gefnum út í heftum eða bókaflokkum. Gjaldið skal

vera 10% álag á útsöluverð þriggja fjórðu hluta af upplagi ritsins. Skal prentsmiðja sú, sem prentar ritið, innheimta gjaldið hjá útgefanda.

- b) Gjald skal greiða af öllum erlendum blöðum og ritum, sem einkum flytja skemmtisögur, léttan fróðleik og myndir, enn fremur af erlendum skáldritum, sem gefin eru út í bókaflokkum með sama eða svipuðu sniði. Gjaldið skal vera 10% álag á útsöluverð 75% af innfluttum eintakafjölda slíkra blaða, rita og bóka. Menntamálaráðuneytið úrskurðar, hvaða blöð og rit skuli vera gjaldskyld, og skal Innkaupasamband bóksala og aðrir innflytjendur senda ráðuneytinu skrá yfir blöð og rit, sem inn eru flutt, og einnig bókaflokkanna, sem innfluttir eru, og leita úrskurðar þess um gjaldskyldu.
- c) Árlegt framlag ríkissjóðs skal vera kr. 15.00 á hvern íbúa í landinu, samkv. niðurstöðutölum síðasta manntals áður en fjárlög eru afgreidd á Alþingi.

3. gr.

Tekjum bókasafnasjóðs skal varið þannig:

- a) Til greiðslu á framlögum samkv. lögum um almenningsbókasöfn.
- b) Til húsabóta handa almenningsbókasöfnum. Skulu framlögin aldrei fara fram úr 40% byggingarkostnaðar og ekki fram úr 30% til annarra húsabóta.
- c) Til bæjar- og héraðsbókasafna vegna geymsluskyldu á íslenskum bókum.
- d) Til héraðsbókavara vegna eftirlitsferða, samkv. tillögum bókafulltrúa og úrskurði menntamálaráðuneytisins.
- e. Til að verðlauna barna- og unglingsbækur.

4. gr.

Menntamálaráðuneytið skal hafa á hendi stjórn sjóðsins og ávöxtun fjár hans og setja nánari reglur um greiðslu úr honum og um innheimtu þeirra gjalda, sem ákveðin eru með lögum þessum.

5. gr.

Ákvæði a- og b-liðs í 2. gr. laga þessara komi til framkvæmda nú þegar, og verði greiddar af fé sjóðsins kr. 340 000.00 til húsabóta handa almenningsbókasöfnum á árinu 1961. Að öðru leyti öðlast lögin gildi 1. janúar 1962.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis flutti menntamálanefnd neðri deildar á síðasta þingi að beiðni menntamálaráðherra, og flytur nefndin frv. á ný samkvæmt beiðni ráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Sú breyting hefur verið gerð, að nú er í 2. gr. gert ráð fyrir aðeins 10% álagi á útsöluverð rita, sem þar um ræðir, og 15 kr. framlagi úr ríkissjóði á hvern íbúa í stað 8 króna áður. Jafnframt eru felldir niður staflíðirnir c, d og h úr 3. gr. fyrra frv. Tekna- og gjaldaáætlunin breytist samkvæmt þessu og vegna breytts verðlags.

Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um almenningsbókasöfn er rækilega skýrð þörfin á auknu fé til starfsemi allra slíkra safna, sem starfað hafa samkv. lögum um almenningsbókasöfn frá 1955, og enn fremur gerð grein fyrir hinni brýnu nauðsyn þess, að bókasöfn séu starfrækt og styrkt ekki einungis í heimavistarskólum, heldur í öllum skólum landsins, og er ekki ástæða til að endurtaka hér þau rök, sem koma fram í þeirri greinargerð.

Menntamálaráðuneytið hefur fyllilega gert sér ljósa nauðsyn þess, að aukið fé verði veitt til starfandi bókasafna og að ný verði stofnuð og styrkt, en hins vegar hefur það ekki séð sér fært að leggja til við hið háa Alþingi, eins og ástatt hefur

verið um fjárhag ríkisins, að það legði fram það fé, sem þarf til að bæta hag safnanna svo, að þau geti innt af hendi hlutverk sitt í mun ríkara mæli en við gildistöku laga um almenningsbókasöfn, og auk þess styrkja ný söfn í skólum landsins.

Svo varð þá að leita annarra ráða til tekjuöflunar handa söfnunum, eins og hefur verið gert, þar sem í hlut hafa átt ýmsar aðrar menningarstofnanir og sum samtök, sem unnið hafa að þjóðnýtum viðfangsefnum.

Hefur orðið að ráði að leggja til, að stofnaður verði bókasafnasjóður, sem auk árlegs framlags frá ríkinu njóti tekna af gjaldi á innlend og erlend blöð og tímarit, sem hér eru seld, gefin út í gróðaskyni og flytja yfirleitt frekar léttvægt efni, og enn fremur á innlendar og erlendar útgáfur glæpa- og skemmtisagna, sem gefnar eru út í heftum eða bókaflokkum og hafðar hér á boðstólum. Er þessi leið til fjáröflunar hliðstæð sumum þeim, sem áður hafa verið farnar í svipuðu skyni.

Vakin skal sérstök athygli á því, að með stofnun bókasafnasjóðs og áðurgreindri tekjuöflun er ekki einungis bætt mjög mikið starfsaðstaða áður lögbundinna safna og gert fært að stofna og starfrækja ný, heldur verður og kostur á mun riflegra fé en nú til húsbóta handa söfnunum, unnt að auka með þeim eftirlit, styðja að nýmælum í rekstri þeirra, stuðla að bættum bókakosti handa börnum og unglíngum, bæta menntun og hæfni bókavarða og loks gert fært að starfrækja héraðsskjalasöfn í sambandi við bæjar- og héraðsbókasöfn, sem koma sér upp rúmgóðum og hentugum húsakynnum. Ríkir víða mikill áhugi fyrir því að stofna skjalasöfn og efla þau, sem fyrir eru, og nú er þannig komið, að hægra á að vera en áður að bæta aðstöðu manna til fræðaiðkana í slíkum söfnum, þar sem Landsbókasafnið hefur eignast vél, sem gerir fært að búa til filmur í svo ódýr lestæki, að þau kosta ekki meira en ódýrustu tegundir ferðaritvéla.

Sem fylgiskjal með frumvarpi þessu er áætlun um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs, og er útreikningurinn á tekjunum byggður á tveggja ára allrækilegri athugun þeirra, sem um mál þetta hafa fjallað.

Fleira er ekki ástæða til að taka fram út af frumvarpinu.

Fylgiskjal.

Áætlun um tekjur bókasafnasjóðs af skatti á innlend og erlend blöð og rit.

1. Af 10% álagi á ca. 75% af söliverði upplags íslenskra blaða og tímarita	kr. 1130000.00
2. Af 10% gjaldi af söliverði erlendra blaða og tímarita	— 450000.00
	<hr/>
	Samtals kr. 1580000.00

Áætlun um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs, samkvæmt frumvarpi til laga um slíkan sjóð og frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almenningsbókasöfn.

Tekjur:

1. Framlag ríkisins samkv. áætlunum mannfjölda í árslok 1960, ca.	kr. 2575000.00
2. Bókasafnagjald af innlendum og erlendum ritum	— 1580000.00
	<hr/>
	Samtals kr. 4155000.00

Gjöld:

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna	kr. 215000.00
2. — sveitarbókasafna	— 75000.00
3. — bókasafna í heimavistarskólum og hælum	— 60000.00
4. — húsabóta bókasafna	— 50000.00
5. — bæjar- og héraðsbókasafna, sem hafa geymsluskyldu á íslenskum blöðum og bókum	— 10000.00
6. — héraðsbókavarða vegna eftirlitsferða	— 2500.00
7. — verðlauna fyrir barna- og unglingsbækur	— 2500.00
8. Tekjuafgangur	— 5000.00

Samtals kr. 415500.00
